

4. Matís á landsbyggðunum.

Oddur Már Gunnarsson, forstjóri Matís, kynnti fyrir þinginu áform Matís á landsbyggðunum.

Oddur sagði Matís vera þekkingarfyrirtæki sem byggði á á sterkum rannsóknarinnviðum og öflugum samstarfi. Það hafi orðið til úr þremur stofnunum og einu fyrirtæki sem voru að vinna á sviði matvæla- og líftæknirannsókna sem miðuðu að því að því að auka verðmætasköpun úr íslenskum lífauðlindum. Hann sagði megin viðfangsefnið vera sjálfbæra nýtingu lífauðlinda, einkum úr bláa hagkerfinu.

Oddur sagði Matís vera opinbert hlutafélag og ætti því að sinna öllum landsmönnum. Hann sagði að rík áhersla væri hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að stofnanir og fyrirtæki sem heyrðu undir ráðuneytið sinntu landsbyggðum vel. Hann sagði að til þess að byggja upp þekkingu og ráðgjöf í kringum þessa atvinnuvegi þyrfti Matís að vera í nánum tengslum við fyrirtækin því þar yrði þekkingin til. Stór hluti þeirra sem og uppruni hráefna væri utan Reykjavíkur. Hann sagði Matís hafa unnið stefnumótun um uppbyggingu á landsbyggðinni og gert samning við ráðuneytið til tveggja ára.

Oddur sagði að uppbyggingin yrði fyrst og fremst á Neskaupsstað, Akureyri og Ísafirði, en starfsstöðvar væru einnig í Vestmannaeyjum og Reykjavík. Hann sagði að á hverri starfsstöð yrði lagt upp með sérstakar áherslur og að á Akureyri yrði áherslan á vinnslutækni og líftækni í matvælavinnslu með áherslu á bolfisk og landbúnaðarvörur.

Oddur sagðist gera ráð fyrir að þessar stöðvar yrðu tekjumyndandi og markmið að gera þær sjálfbærar. Hann sagði fjármagn sem fylgdi samninginum fara í að koma upp aðstöðu með tækjum og tólum en ekki í rekstur. Stærsta verkefnið yrði að koma upp vinnsluveri til að þróa vinnslu úr aukaefnum sem féllu til í framleiðslu og skapa þannig verðmæti úr hráefni sem annars færi í súginn. Oddur sagði að vinnsluverið yrði staðsett á Neskaupsstað en yrði færanlegt og því hægt að framkvæma rannsóknarvinnuna sem næst framleiðslunni.